

# Sérfræðingur í lánadeild



Stapi lífeyrissjóður leitar að metnaðarfullum sérfræðingi í lánadeild á skrifstofu sjóðsins á Akureyri. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra sjóðsins. Um er að ræða tímabundið starf til eins árs með möguleika á framtíðarstarfi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

## Helstu verkefni:

- Þjónusta og upplýsingagjöf til sjóðfélaga
- Framkvæmd greiðslu- og lánshæfismats
- Skjalagerð vegna sjóðfélagalána
- Samskipti við fjármálastofnanir og fasteignasala vegna umsýslu sjóðfélagalána

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Reynsla af lánamálum og þekking á skuldabréfum er kostur
- Góð tölvuþekking t.d. í Excel
- Jákvætt viðhorf og færni í mannlegum samskiptum
- Nákvæm og öguð vinnubrögð

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhann Steinar Jóhannsson ([johann@stapi.is](mailto:johann@stapi.is)), framkvæmdastjóri Stapa. **Umsóknarfrestur er til og með 5. mars.** Umsækjendur skulu skila inn ítarlegri starfsferilskrá og kynningarbréfi í ráðningarkerfið Alfred ([www.alfred.is](http://www.alfred.is) eða appið Alfred).



Strandgötu 3, 600 Akureyri Sími 460 4500  
Egilsbraut 25, 740 Neskaupstað [www.stapi.is](http://www.stapi.is)

Stapi lífeyrissjóður varð til með sameiningu Lífeyrissjóðs Austurlands og Lífeyrissjóðs Norðurlands árið 2007. Starfssvæði sjóðsins nær frá Hrutáfirði í vestri að Skeiðarársandi í austri. Sjóðurinn nær þannig til allra byggðakjarna á Norður- og Austurlandi. Eignir Stapa nema ríflega 200 milljörðum króna. Virkir sjóðfélagar eru um 14 þúsund og lífeyrisþegar rúmlega 9 þúsund talsins. Starfsmenn Stapa eru 17 og skrifstofur sjóðsins eru á Akureyri og í Neskaupstað.